

Stjórnarfundur Leiðsagnar

7. mars 2023 kl. 16:00

Boðaður fundur aðalmanna og varamanna í stjórn.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) 2. varamaður – tekur sæti aðalmanns.

Á fjarfundi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) 1. varamaður - tekur sæti aðalmanns, Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) 3. varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) 4. varamaður.

Boðuð forföll: Valva Árnadóttir gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi

1.	Fundur settur	Fundargerð frá 25.1.2023 var búið að samþykka í tölvupóstum og eins minnispunkta frá fundi aðalmanna í stjórn með Fræðslunefnd frá 1.2.2023.	U	Friðrik
2.	Formannafundur ASÍ	Formaður segir frá samráðsfundi formanna aðildarféлага ASÍ sem fram fór 24.2.2023. Góður fundur sem lagði áherslu á samstöðu, því óeining innan vébanda ASÍ gagnist ekki verkalýðshreyfingunni og kjarabaráttunni en væri einungis til þess að veikja stöðuna gagnvart SA. Deilur SA og Eflingar hafa sett sinn svip á kjaraviðræður undanfarið og formaður Eflingar sat ekki þennan formannafund. Margt annað bar á góma á formannafundinum, eins og sjá má í fundargerð, og þurftu menn að tjá sig um mál og hreinsa andrúmsloftið. Eðlilega var líka rætt um stöðu samninga, verðbólgu og annað sem sannarlega vegur þungt í kjaraviðræðum sem fara eiga fram á þessu ári og vera lokið í janúar á næsta ári. Formaður Leiðsagnar tók einnig til máls og bauð fram krafta félagsins, þó það sé lítið vonast hann til að það geti orðið að liði á vettvangi hreyfingarinnar.	U	Friðrik
3.	Breyting á starfshlutfalli starfsmanns	Rætt um aukið starfshlutfall starfsmanns úr 75% í 100%. Þörf er fyrir aukið vinnuframlag og aukna viðveru því félagsmönnum fjölga og verkefni á skrifstofunni aukast sífellt, einkum varðandi kjaramál sem leyst eru í samstarfi við Kjaranefnd. Fjárhagur félagsins er þó í járnnum skv. síðasta yfirliti, aukin útgjöld m.a. vegna lögfræðikostnaðar, og því spurning hvort svigrúm er til mikilla launahækkana. Samþykkt að hækka starfshlutfallið í 80% frá áramótum fram í júní og meta þá útfrá 6 mánaða punktstöðu hvort óhætt er að hækka í 100%. Vísað til formanns og varaformanns að ganga frá þessu við starfsmann.	U Á	Friðrik Snorri
4.	Undirbúningur aðalfundar 2023	Stefnt að því að aðalfundur verði 3. maí. Æskilegt að allir aðalmenn í stjórn geti setið fundinn. Samþykkt að kanna hvort Magnús Norðdahl geti tekið að sér fundarstjórn og Ásgeir Sverrisson fundarritun, líkt og undanfarið, sem hefur gefist vel. Einnig þarf að panta fundarsalinn, ræða við Filmís vegna rafrænnar kosningar og fá aðila til að taka að sér að streyma fundinum. Kl. 16:30 tilkynnir GÓ að hann þurfi að víkja af fjarfundi, tilkynnir einnig að hann fari erlendis nú í vor og verði fjarverandi í tvo mánuði.	Á Á	Friðrik Friðrik Snorri
5.	Skoðanakönnun meðal félagsmanna	Kynnt fyrir fundarmönnum skoðanakönnunarkerfi sem Filmís getur sett upp í gegnum heimasíðuna/Mínar síður. Fyrsta könnunin verður send til allra félagsmanna í Leiðsögn og yrði fyrst og fremst til þess að fá yfirsýn yfir samsetningu félagsmanna, menntun þeirra, launafyrirkomulag og starfshlutfall á ársgrundvelli. FR og HB semja spurningar og inngang að könnuninni og eru komin áleiðis	U	Snorri Harpa

		með það. Þegar tilbúið fá aðrir í stjórn það til yfirlestrar. Síðan verður það sett í hendur Filmís til framkvæmdar.		Friðrik Harpa
6.	Önnur mál	<p>1. Halda þarf trúnaðarráðsfund fljótlega, stefnt að 14.3. Verið er að leita að aðilum sem geta tekið að sér að vera í Kjörnefnd/Uppstillingarnefnd og hefur stjórn þegar leitað til nokkurra aðila en trúnaðaráð þarf að samþykkja þá.</p> <p>Æskilegt væri ef núverandi Viðræðunefnd í kjara-samningaviðræðum við SA/SAF gæti haldið áfram óbreytt, þau hafa verið mjög samstíga og vinnan gengið vel, og ekki má tapa reynslu með því að skipta fólki út á þessu ári þegar unnið verður að langtímasamningi. Þetta þarf líka að bera undir Trúnaðarráð til samþykktar.</p> <p>2. Rætt um aðild Leiðsagnar að norrænu samtökunum IGC (Internordic Guide Club) en aðalfundur þeirra fer fram í lok apríl. SSS hefur boðað fulltrúa okkar í valnefnd og stjórn IGC, Ragnheiði Björnsdóttur og Sigrúnu Ragnarsdóttur, á fund 9.3. til að fá betri yfirsýn yfir starf IGC og eins til að tryggja betri tengingu stjórnar Leiðsagnar við samtökin.</p> <p>3. Snorri fer í vinnustaðaeftirlit 8.3. í samstarfi við ASÍ, Hlíf, Raffís o.fl. Leiðsögn greiðir útlagðan kostnað vegna þessa. Mikil umræða skapast um brotafyrirtæki, ómenntaða leiðsögumenn og nauðsyn þess að bregðast hart við. Ákveðin brotamál eru hjá lögfræðingi og á leið í Félagsdóm. Nú þegar hefur formaður í samstarfi við Landvernd ritað grein til að vara við ágangi á landið vegna fjölda ferðamanna og massatúrisma, og fékk í kjölfarið athugasemd frá SAF. Nauðsynlegt að upplýsa stjórnvöld um það sem er að gerast því það er verið að „ofkeyra“ landið. Hafa undirboð, brot á vinnulöggjöf og vinnurétti aukist til muna. Þörf er á að fleiri taki námskeið í vinnustaðaeftirliti og æskilegt að Leiðsögn taki reglulega þátt í slíkum aðgerðum í félagi við önnur stéttarfélög. Upplýsa þarf fólk á vettvangi, einkum enskumælandi starfsmenn. Nú þegar hefur verið dreift flyerum víða, einkum á Suðurlandi, en Leiðsögn gæti gert átak á ný. Eins getum við sem leiðsögumenn á vettvangi gefið okkur á tal við aðra leiðsögumenn, íslenska sem erlenda, og útskýrt mikilvægi þess að vera í stéttarfélagi.</p> <p>4. HÞ spyr hvað líði verkáætluninni sem fylgdi skammtíma-kjarasamningnum. FR ætlar að hafa samband við SAF og ýta á eftir því. Viðræðunefnd Leiðsagnar er ennþá virkur samningsaðili og best ef hún getur haldið áfram óbreytt á meðan samningar eru í gangi, en hún þarf að fá umboð sitt staðfest af trúnaðarráði, eins og kom fram hér á undan.</p>	U U U U U	Snorri Stjórn Snorri Snorri Harpa Snorri

Fundi slitið 18:35

Fundargerð staðfest: